



Borgarráð

Jörfagrund 54-60 - lóðaúthlutun

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta til byggingarfélagsins Jörfa kt. 441207-0260, lóðinni og byggingarrétti fyrir fjölbýlishús á lóðinni Jörfagrund 54-60, í samræmi við afmörkun lóðarinnar í deiliskipulagi og nýsamþykktan lóðaruppdrátt landupplýsingadeildar Umhverfis og skipulagssviðs, dags. 10. apríl 2017. Verð lóðarinnar miðast við upphæð gatnagerðargjalda m.v. 960 fermetra hús., samtals kr. 10.532.160. Helmingur kaupverðsins greiðist með lóðarskika sem Jörfi seldi Reykjavíkurborg með afsali dags. 10. mars 2017, samþykktu í borgarráði þann 16. mars. Eftirstöðvar kaupverðsins sem greiðist í kjölfar úthlutunar þessar er samtals kr. 5.266.080.

Samkvæmt almennum reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnum í maí 2014, skal staðgreiða kaupverðið innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu er áætlað kr. 390.685.- fyrir lóðina miðað við byggingavísitölu apríl mánaðar og annast Orkuveita Reykjavíkur innheimtu gjaldsins.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Um skilyrði til framsals lóða og fyrir gerð lóðarleigusamnings vísast til greina númer 6 og 8 í almennum reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnum í maí 2014.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Með undirritun lóðarhafa á lóðarumsókn fólst viðurkenning hans á því, að hann hafi kynnt sér þá skilmála og reglur sem um lóðarúthlutunina og viðkomandi lóð gilda og sé reiðubúinn til þess að hlíta þeim, sbr. 6. tölulið 3. greinar almennra reglna um úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík útgefna í maí 2014. Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður innan sex mánaða frá úthlutunardegi og tilgreinir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina áður tilvitnaðar almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnar í maí 2014 og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og deiliskipulag fyrir Jörfagrund, dags. 26.2.1998. Allir þessir skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Afsal dags. 10. mars 2017

Mæliblað dags. 10. apríl 2017

Skjalið samdi: Magnús Ingi Erlingsson

kt. 080565-4619

AFSAL

Undirituð, f.h. Byggingafélagsins Jörfa kt. 441207-0260, annars vegar og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, hins vegar vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs kt. 570480-0149, gera með sér svofellt afsal á lóðarspildu úr landi Jörfa:

1. Landspilda sem liggur innan afmarkaðrar lóðar Jörfagrundar 54-60, skv. meðfylgjandi mæliblaði sem er hluti af samkomulagi þessu sem afmarkast af hnitapunktunum, 114, 119, 126 og 137 sem liggur yfir Jörfagrund 58 og 60 afsalar Byggingafélagið Jörfi úr landi með landnúmerið 125702, til Reykjavíkurborgar.
2. Landspilda sem liggur á milli lóðarinnar Jörfagrundar 54-60 og að hnitapunktunum 124, 113 og 117 skv. meðfylgjandi mæliblaði er jafnframt afsalað úr sömu landspildu með landnúmerið 125702, til Reykjavíkurborgar. Umrætt svæði er gangstígur sem liggur á milli lóðarinnar Jörfa, með landnúmerið 125702 og Jörfagrundar 54-60.
3. Þegar borgarráð hefur staðfest samkomulag þetta er gefið út nýtt mæliblað sem sýnir ný eignamörk Jörfa og afmörkun lóðarinnar nr. 54-60. Lóðinni í heild sinni nr. 54-60 við Jörfagrund verður þá jafnframt úthlutað til Byggingafélagsins Jörfa.
4. Sem endurgjald fyrir umrætt land þá greiðir Reykjavíkurborg sem nemur helming gatnagerðargjalda af Jörfagrund 54-60 sem skuldajafnast á móti gatnagerðagjöldum sem lögð verða á við úthlutun lóðarinnar lóðarinnar.
5. Lóðinni verður úthlutað þegar nýtt mæliblað fyrir lóðina nr. 54-60 við Jörfagrund hefur verið gefið út af Landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar.
6. Samþykki borgarráð ekki greiðslu fyrir umræddar landspildur er afsal þetta ógilt.

Reykjavík 10. mars 2017


f.h. Reykjavíkurborgar

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vitundarvottar að rétttri undirskrift,

fjárnæði og dagsetningu:

Kt.




Eggert Ólafson kt. 011242-4809

sem situr í óskiptu búi

f.h. Byggingafélagsins Jörfa ehf.

kt. 441207-0260



Kt.

Lóðauppdráttur 32.472.0

Reykjavík, 1:500


Útprentun þarf ekki að vera í uppgefnum kvarða.

Landskerfi (ISN 93).

- NR: Norður Austur
- 101 418678.4079 362281.9095
 - 102 418677.5146 362307.3933
 - 104 418674.4813 362357.1827
 - 113 418625.9715 362305.7818
 - 114 418622.3273 362307.9541
 - 117 418616.6663 362342.5518
 - 118 418609.7213 362284.5273
 - 119 418607.4830 362366.6122
 - 124 418600.8877 362299.4339
 - 126 418590.9422 362300.0116
 - 128 418592.6407 362425.2623
 - 137 418576.0979 362358.6698
 - 149 418562.0329 362414.2482
 - 152 418561.1679 362417.2976
 - 452 418590.5508 362323.0291
 - 813 418674.3631 362359.1225
 - 820 418618.5395 362335.1499
 - 821 418601.2389 362298.0460
 - 822 418615.0065 362285.8648
 - 823 418662.2945 362354.0987
 - 824 418674.3169 362359.3051



Kvæð um bílastæði



Byggingarreitir


Fjöldi, staðsetning og frágangur bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðir eru töluseitar við Jörfragund.

NB Lóðarmörk samkvæmt skipulagi, en eignarmörk eru önnur svo ekki er hægt að gefa þetta blað út að svo stöðu. Til er séruppdráttur ír málblaði af löðinni Jörfragund 46-52.

Samþykktir sem þessi Lóðauppdráttur, gerður 04. 06. 2012, byggir á: Framkvæmda- og eignasvið, Landupplýsingadeild, vinnu þennan uppdrátt. Deiliskipulag staðfest af hreppshönd Kjalarneshrepps 26. 02. 1998. Lóðarmörk eftir upplýsingum frá Verkfræðistofunni Ráðgjöf ehf. Hvað varðar löðina Jörfragund 46-52 er þessi uppdráttur ígildi málblaðs. Þar sem makaskipti á landi milli eigenda Jörfa og borgarsjóðs hafa ekki farið ennþá fram er ekki hægt að gefa þetta blað út sem endanlegt málblað. Engin afskipta er tekin hér um eignarmörk milli Jörfa og Hofis. Landupplýsingadeild, snýr blaðinu í Landskerfi (ISN 93).

Landupplýsingadeild Framkvæmda- og eignasvið 04. 06. 2012.



[Handwritten signature]


Lóðauppdráttur Reykjavík, 1:500

Prentað 10. 04. 2017.



Brautarholtsvegur

N = 418'00
A = 362300



Landskerfi (ISN 93).

Nr.	Austur	Norður
101	362281.9095	418678.4079
102	362307.3933	418677.5146
104	362357.1827	418674.4813
113	362305.7818	418625.9715
114	362307.9541	418622.3273
117	362342.5518	418616.6663
118	362264.5273	418609.7213
119	362366.6122	418607.4830
124	362299.4339	418600.8877
126	362300.0116	418590.9422
128	362425.2623	418592.6407
137	362358.6698	418576.0979
149	362414.2482	418562.0329
152	362417.2976	418561.1679
813	362359.1225	418674.3631
820	362335.1499	418618.5395
821	362298.0460	418601.2389
822	362265.8648	418615.0065
823	362354.0987	418662.2945
824	362359.3051	418674.3169

△ Kvæð um bílastæði

--- Byggingarreitir

Fjöldi, staðsetning og frágangur bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðir eru tölusettar við Jörfagrund.

Umhverfis- og skipulagssvið, Landuppbyggingsdeild, vinnur þennan uppdrátt. Samþykktir sem þessi Lóðauppdráttur, gerður 10. 04. 2017, byggir á: Sjá deiliskipulag staðfest í hreppsnefnd Kjálarnesthepps þann 28. 02. 1998. Sjá atal á lóðarsplú úr landi Jörfa, dagsett 10. 03. 2017, sem samþykkt var á fund borgarráðs þann 16. 03. 2017. Hvað varðar lóðina Jörfagrund 46-52 er uppdrátturinn nú þegar í gildi mæliblaðs, sbr. þinglýstan lóðaleigusamning nr. 411-B-005532/2002. Engin afstaða er tekin hér til eignarmarkna milli Jörfa og Hofa.

Ath! Lóðamörk lóðarinnar Jörfa (landnr. 125702) eru sýnd skv. deiliskipulagi, en eignarmörk eru ómör.

Umhverfis- og skipulagssvið
Landuppbyggingsdeild
10. 04. 2017.

L. Þ. Þ. Þ.

32.472.5

32.472.4

N = 418600
A = 362250